

## Grænni byggð – Green Building Council Iceland

### Stjórnarfundur 6

**Staðsetning fundar:** Skipulagsstofnun, Borgartún 7B

**Dagsetning:** Fimmtudagur, 20. september 2018, 15:00 – 17:00

**Mættir eru:** Þórhildur, Ragnar, Olga og Gyða Mjöll

**Fundarritari:** Olga Árnadóttir

Stjórnarmeðlimir:

Bjarni Þór Þórólfsson (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is

Gyða Mjöll Ingólfsdóttir (GMI) – Efla verkfræðistofa - gyda.mjoll.ingolfsdottir@efla.is

Kristjana Ósk Jónsdóttir (KÓJ) – Reitir Fasteignafélag – kristjana@reitir.is

Kristján Arinbjarnar (KA) – Íslenskir aðalverktakar - ka@iav.is

Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is

Ólafur Haralds Wallewik (ÓHW) – Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins – olafurw@ru.is/  
olafur.w@nmi.is

Ragnar Ómarsson – Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is

Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir (ÞFK) – Framkvæmdastjóri Vistbyggðarráðs – tk@graennibyggd.is

### Dagskrá fundar:

1. Amsterdam fundurinn og hugmyndir fyrir fjáröflun, Gyða
2. Lógó mál – og kortið, Olga
3. Kynning á Grænni byggð fyrir stjórn - aðildafjölgun
4. Kick- off viðburður
5. Hugmyndir til umræðu fyrir viðburði í haust-vor-haust
6. Græn politik/ lobbýismi fyrir fjármögnun og markmið fyrir byggingariðnað, þýðing á norsku markmiðunum – Veikart for byggbransjen, Þórhildur
7. Annað

## 1. Amsterdam fundurinn (European Network Meeting) og hugmyndir fyrir fjáröflun, Gyða

Gyða segir okkur stuttlega frá fundinum og fjáröflunarleiðum svipaðra félaga í nágrannalöndunum.

Green Building Councils í Evrópu eru að vinna á mjög misjöfnum grundvelli, t.d. eru 30 manns að vinna fyrir þetta félagið í Hollandi. Vinna fyrir opinbera kerfið sem fjármagnar starfsemina að mestu. Allt öðruvísi nálgun en við erum að vinna eftir hér á Íslandi.

**Serbía** – mjög erfitt landslag. Formaðurinn er ein að vinna í þessu með 20 aðildafélög.

**Norðmenn** – vinna öðruvísi en við. 8 full starfsígildi. Eru að drukkna, svo mikil umsýsla við þeirra eigin kerfi eftir að BREEAM varð aðlagð að norskum aðstæðum. Þau ráðlögðu okkur frá frá því að aðlaga. Allt of mikil umsýsla og erfitt að sjá um uppfærslur á handbókunum.

Formaðurinn er bæði að sjá um vottunina og Green building council. Það sem þau standa frammi fyrir núna, þeirra handbók kemur út 2014, nú er komin úr BREEAM International 2016 handbók, þau hafa ekki tók á að uppfæra þetta í samræmi við nýjustu útgáfu BREEAM. Þá líða fleiri ár á milli og þá er hægt að spyrja sig um gæði og áreiðanleika kerfisins?

Er ekki hagræðing í því að hafa þetta á norsku hvað tæknileg atriði varðar og aðgengi að kerfinu? Þeir framleiða gögnin á norsku og senda þau svo til Bretlands til að láta þýða það. Flöskuháls og kostar peninga.

Stanslausnar uppfærslur. Maður gleymir því kannski stundum að það er full vinna að búa til handbækurnar og viðhalda þeim sem BRE sér um þegar kerfi hefur ekki verið aðlagð að tilteknu landi, líkt og á Íslandi.

Vitundarvakning í norskum byggingariðnaði er komið miklu lengra en á Íslandi.

**Pólska Green Building Council** – fyrir fjórum árum voru þau á sama stað og við, 100% fjármögnuð af aðildagjöldum. Í dag koma um 60% koma frá aðildagjöldum, 20% rannsóknarverkefnum og rest opinberir styrkir og fleira.

**European Network** – eru að sækja rosalega mikið af verkefnastyrkjum. Þetta network er að virka mjög vel. Við þyrftum að komast inn í þetta network. Ætti að vera win win staða fyrir þau og okkur.

Grænni Byggð þarf að skerpa á því aðkoma okkar að þessum samtökum yrði, kemur í ljós á fljótlega hvort við komumst að í European network.

Hvað stöndum við fyrir í evrópsku samhengi? Það þarf að setjast yfir þessa vinnu.

Stóra myndin er þessi – í grófum dráttum eftir fundinn sem Gyða fór á.

## 2. Lógó mál – og kortið, Olga

Olga fór yfir vinnuna hennar Önnu og lokatillögur að lógó-i og einblöðungi/póstkortu.

Stjórnin kom sér saman um endanlega útfærslu af lógó-i sem við ætlum að biðja Önnu að ganga frá.

Hún er líka búin að vinna í heimasíðunni og gera fína hluti þar.

Biðjum hana að ganga frá þessu og skila okkur á jpg og png. Auk litapalettu fyrir markaðsefnið. Þá teljum við vinnuna sem hún fékk greitt fyrir vera lokið.

Það var tekin ákvörðun um að þróa einblöðunginn áfram. Þurfum að koma okkur betur saman um hvernig við viljum hafa hann, form, efni og fl. Áframhaldandi vinna við það innan stjórnarinnar.

## 3. Kynning á Grænni byggð fyrir stjórn – aðildafjölgun

Hugmyndin að þetta sé kynning sem hægt er að hlaða niður af heimasíðunni okkar – og allir geta notað til að kynna.

Fórum yfir innihaldið/efnið á hverri glæru á fundinum.

Þurfum að straumlínulaga útlitið á fyrirlestrinum. Heildarútlit. Með lógó-inu okkar á.

Kynningin er of löng. Stytta og einfalda myndanotkun.

## 4. Kick- off viðburður

Þurfum að vera komin með allan pakkan þegar við gefum efnið út. Aðildina að WGBC og helst eitthvað fræðsluefni/niðurstöður til að kynna í leiðinni. Svo það sé eitthvað kjöt á beinunum.

Væri t.d. gaman að kynna niðurstöður úr vinnustofunni „Hvað er græn bygging í íslensku samhengi“ um leið og nýtt markaðsefni er kynnt.

Þurfum að fresta þessum viðburði aðeins.

**Endanlegt deadline 17. október.** Þá er Þórhildur með kynningu á Umhverfisdegi atvinnulífsins.

Reyna að hafa kick-off fyrir 17. október. Jafnvel 10. október.

## 5. Hugmyndir til umræðu fyrir viðburði í haust-vor-haust

- Morgunspjall um „Viðmið fyrir vistvæna byggingu“ (UBÍS Hópur)

Kynning á niðurstöðunum væri efni í gott morgunspjall á vegum Grænni byggðar. Væri gaman að gera það fljótlega eftir að niðurstöður verða gefnar út.

- **Morgunspjall um „Græn steypa og lausnir fyrir íslensk mannvirki“ (Ólafur H. Wallevik og Landsvirkjun)**

Væri mjög áhugavert að fá Ólaf og Landsvirkjun til að halda morgunspjall um tilraunir þeirra með græna steypu. Jafnvel eftir jól?

- **Morgunspjall um „Grænn stígur í græna treflinum“ (Skógræktin og Landslag)**

Mjög áhugavert – væri gaman að hafa viðburð/kynningu tengt þessu? Jafnvel með vorinu.

- **Málþing um „Gæðamál eru umhverfismál“ – BIM Ísland og Grænni byggð – Hönnun bygginga**

Rætt var um sameiginlegan viðburð Grænni byggðar og BIM Ísland varðandi þessi mál. Fá einhvern reyndarn BIM aðila til að vera með tölu.

- **Morgunspjall um „Heimsmarkmiðin og áhrif á skipulags- og byggingariðnað“**

Við þurfum að skoða þessi mál.

- **Morgunspjall um „Grænan rekstur bygginga“**

- **Málþing/Morgunspjall um „Hönnun á skólalóðum fyrir vistvænar samgöngur“, FÍLA og Grænni byggð**

Mætti bæta þessum viðburði við í vor jafnvel.

- **Morgunspjall um „Hönnun á hjólaskýlum“ Arkitektafélag Íslands og Grænni byggð**

- **Málþing/morgunspjall um „Hvatakerfi fyrir Grænni byggingariðnað“**

Mjög mikilvægt að ýta á þetta og fjalla um. Þyrfti að setja kraft í þetta málefni.

- **Endurmenntun Háskólans hefur biðlað til okkar að vera með námskeið þar í vor – allt opið.**

Ragnar er í tengslum við þau.

Tillögur að umfjöllunarefni sem er í brennidepli í dag:

Innivist  
Byggingarúrgangur  
Efnisnotkun  
Rekstur bygginga

Getum í það minnsta verið með yfirlitsnámskeið um hvað er sjálfbærni í byggingaiðnaði.

- ***Dagur Grænni byggðar í vor***

- **Ráðstefna um byggingarúrgang í nóvember**
- **Ábyrgur Byggingariðnaður**

## **6. Græn politík/ lobbýismi fyrir fjármögnun og markmið fyrir byggingariðnað, þýðing á norsku markmiðunum – Veikart for byggbransjen, Þórhildur**

Við verðum að vera með skír markmið um aðgerðir sem við endurtökum aftur og aftur gagnvart stjórnvöldum og hinu opinbera.

Hvaða aðgerðir á að fara í? Vera með aðgerðarlista. Koma okkur saman um þessi markmið.

Hvatar – hvaða hvatar eru áhrifaríkir? Aðgerðir fyrir stjórnvöld. Flokka þetta niður.

Hvaða áhrif ætlum við að hafa? Þurfum að taka þetta fyrir saman á fundi. Stefnumál.

Ráðuneyti – ráðherra – stjórnir. Tala við réttu aðilana.

## **7. Annað**

- Þjóðarleikvangur – ráðstefna

Stjórnarmeðlimir hafa áhuga á að mæta.

BREEAM fólk á fund með Ben Cartmen, fimmtudaginn 27. september.

Þórhildur sendir út tilkynningu á BREEAM hópinn.

- **24. – 30. September er World Green Building Council week.**

Við þyrftum að flagga því og benda fólki fræðslufni eða annað tengt því. Hefur að gera með heimili.

Hægt að tengja við plastlausan september.

- **BIM Ísland**

Þórhildur átti góðan fund með BIM Ísland um samstarf. Þau eru að rífa sína starfsemi í gang. Við erum svipuð að stærð. Voru að ræða sameiginlegan viðburð. Viðburður með þeim í janúar: „Umhverfismál eru gæðamál notaðu BIM“.

Fundurinn var jákvæður. Þetta er í farvegi.

Mikið gæðamál í íslenskum byggingariðnaði.

Kristján Karl Kristjánsson (fyrirlesari?)

- **Skilgreina markmið Grænni Byggðar**

Setja töluleg markmið um viðburði/fyrirlestra/fundi sem hægt er að flagga.

- **Markmiðssetning í byggingarreglugerð**

Markmið sem koma fram í byggingarreglugerð (6. Kafli, 6.6.1 gr. markmið)

Við ættum að skoða þessi markmið í samræmi við okkar markmið – tala saman. Mætti skerpa á okkar markmiðum út frá þessum. Samhljómur.

---

Fundi slitið: 17:05